

10. gr.

- 1) Framkvæmdastjóri INMARSAT skal vera vörsluaðili samningsins.
- 2) Vörsluaðili skal þegar í stað tilkynna öllum aðilum að samningi þessum sérstaklega um:
 - a) undirritanir samnings þessa;
 - b) gildistökudag samnings þessa;
 - c) afhendingu skjala um fullgildingu, staðfestingu, samþykki, aðild eða aðild að hluta;
 - d) dag þann sem ríki hættir að vera aðili að samningi þessum;
 - e) aðrar tilkynningar og orðsendingar sem varða samninginn.
- 3) Við gildistöku samnings þessa skal vörsluaðili senda aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna staðfest afrit til skráningar og birtingar í samræmi við 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Á sama tíma skal vörsluaðili senda Alþjóðafjarskiptasambandinu og Alþjóðasiglingamálastofnuninni staðfest afrit af samningi þessum.

11. gr.

Samningur þessi er gerður í einu frumriti á ensku, frönsku, rússnesku og spænsku þar sem allir textar eru jafngildir, og skal hann afhentur vörsluaðila til varðveislu sem skal senda aðilum staðfest afrit.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

GJÖRT Í LUNDÚNUM hinn 16. október 1985.

Article 10

- (1) The Director General of INMARSAT shall be the Depositary of this Agreement.
- (2) The Depositary shall, in particular, promptly notify all Parties to this Agreement of:
 - (a) any signature of this Agreement;
 - (b) the date of entry into force of this Agreement;
 - (c) any deposit of instruments of ratification, acceptance, approval, accession or adhesion;
 - (d) the date on which a State has ceased to be a Party to this Agreement;
 - (e) any other notifications and communications relating to this Agreement.
- (3) Upon entry into force of this Agreement, the Depositary shall transmit a certified copy to the Secretary-General of the United Nations for registration and publication in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations. At the same time, the Depositary shall transmit a certified copy of this Agreement to the International Telecommunication Union and to the International Maritime Organization.

Article 11

This Agreement is established in a single original in the English, French, Russian and Spanish languages, all the texts being equally authentic, and shall be deposited with the Depositary, who shall send a certified copy to Parties.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorized thereto by their respective Governments, have signed this Agreement.

DONE AT LONDON on this sixteenth day of October of the year One Thousand Nine Hundred and Eighty Five.

AUGLÝSING

um gildistöku viðbótarsamnings nr. 11 við mannréttindasáttmála Evrópu.

Viðbótarsamningur nr. 11 við sáttmála frá 4. nóvember 1950 um verndun mannréttinda og mannfrelsis varðandi endurskipulagningu á eftirlitskerfi sáttmálans, sem gerður var í Strassborg 11. maí 1994, öðlaðist gildi 1. nóvember 1998, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 20/1995 þar sem viðbótarsamningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 1. desember 1998.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.